



## Að skrifa nýja grein/frétt á gunnhildargerdi.wordpress.com

1. Skráið ykkur inn á vefinn á [gunnhildargerdi.wordpress.com/login](https://gunnhildargerdi.wordpress.com/login). Notið notandanafnið/username og aðgangsorðið/password sem þið völduð þegar þið skráðuð ykkur inn fyrst.

Þá blasir við ykkur þessi valmynd:




- ⇒ Það eru tvær leiðir til þess að búa til nýja frétt/grein (Sem á ensku kallast **Post**). Önnur leiðin er að fara í valmyndina lengst til vinstri og velja þar Post (sjá rauða hringinn þar). Styttri leið er svo að fara í blýantsmerkið efst til hægri uppi á skjánum (sjá rauða hringinn) og þá búið þið strax til nýjan post/frétt/grein.
- ⇒ Ef þið hafið valið fyrri valmöguleikann er næsta skref að velja **New Post**, smella á það.
2. Þegar þið eruð komin inn í New Post á valmyndin að líta svona út:



- ⇒ Skriðið titil greinarinnar/fréttarinnar þar sem stendur **Enter title here**
- ⇒ Fyrir neðan þar sem stóri hvíti reiturinn er með stóra rauða hringnum skrifið þið meginmál greinarinnar. Það má hugsa þetta bara eins og að skrifa í **Word**, þetta er ekkert flóknara.
- ⇒ Fyrir ofan stóra hvíta reitinn er **Ritill** þar sem þið getið t.d. gert texta bold o.sfrv alveg eins og í Word. Ef þið viljið fleiri valmöguleika í ritilinn þá ýtið þið á kassann sem ég setti rauðann hring yfir í ritlinum hér að ofan.
- ⇒ Ef þið viljið vinna með greinina áfram en hafa hana vistaða án þess að hún birtist á vefnum þá ýtið þið á **Save Draft** sem er hægra megin á síðunni. Þegar greinin er tilbúin ýtið þið á **Publish** sem er blái hnappurinn hægra megin og þá birtist fréttin/greinin á síðunni okkar.

3. Til þess að setja fréttina/greinina í flokk/category þurfið þið að skrolla aðeins niður í fréttinni/greininni þar til þið sjáið category og annað hægra megin á síðunni:



- ⇒ Hér hakið þið við þann flokk/**category** sem við á. Ég hef sett upp 4-6 category, örnefni, endurminningar, fréttir og greinar, fréttir, greinar. Það sem gerist þegar þið setjið fréttina/greinina í flokk/category er að hún birtist þá ekki bara sem frétt á forsíðu heldur einnig líka í safn fréttu/greina sem birtist á ákveðnum stað á vefnum. T.d. birtast Örnefni sem undirsíða undir Gunnhildargerði í aðalvalmynd og flokkurinn endurminningar birtist sem undirsíða

undir Fréttir og greinar í aðalvalmynd. Þannig getum við safnað ákveðnum fréttum/greinum á ákveðin stað sem sparar okkur leit að ákveðnum efnisflokkum.

- ⇒ Gott er einnig ef þið getið skrifað í reitinn **Tags** í hvert skiptið sem þið skrifið grein/frétt. Þetta eru leitarorð sem hjálpar okkur síðar meir að leita að ákveðnum greinum. T.d. ef greinin er um Björgu Sigmundsdóttur þá skrifar maður nafnið hennar þarna. Ef greinin er um Gunnhildargerði þá skrifð þið Gunnhildargerði þarna í Tag reitinn.
- ⇒ Svo munið þið bara að vista greinina og birta/**Publish** í lokin.